

Stutt samantekt vegna haustferðar Betadeildar

Föstudaginn 15. september var haustferð Betadeildar Delta Kappa Gamma. Alls mættu 16 félagskonur hressar og sprækar á bílastæði Gamla Menntaskólans á Akureyri þar sem rúta og bílstjóri beið hópsins.

Keyrt var austur í Þingeyjarsýslu og á leiðinni fengu konur magnaða leiðsögn frá Margréti Kristínu Jónsdóttur um örnefni, sveitirnar, fólk og allt sem skipti máli á leiðinni. Fróðleikurinn rann skemmtilega upp úr okkar konu og voru ferðalangar léttir í lundu og margs vísari þegar stoppað var á fyrsta stað, Grenjaðarstað í Aðaldal. Þar tók á móti okkur staðarhaldari sem fór með stuttan inngang úti á hlaði en eftir það gátu konur gengið um reisulegan torfbæinn að vild.

Grenjaðarstaður er stærsti torfbær landsins og í núverandi mynd sinni var bærinn að mestu reistur á síðari hluta 19. aldar og í veggjum hans er aðallega hraungrýti úr nágrenninu sem gefur honum sérstöðu meðal torfbæja. Þá var einnig gengið til kirkju og hún skoðuð.

Eftir að hafa skoðað stórbýlið var haldið áfram og keyrt að Laxárvirkjun, þar var farið út úr bílnum og Margrét hélt áfram að uppfærða konur og hélt m.a. stutta tölu um skáldkonuna Huldu (Unni Benediktsdóttur Bjarklind) og Elísabetu, Lissý, Grant söngkonu. Afar fróðlegt og skemmtilegt var að hlusta á Margréti segja í stuttu máli frá ævihlaupi þessara kvenna og voru margar sem ekki höfðu heyrt af hinni mögnuðu Lissý.

Að þessu loknu var haldið áfram og næsta stopp var á Hótel Fosshóli við Goðafoss þar sem borðaður var kvöldmatur og konur gátu verið afslappaðar og spjallað saman.

Að loknum kvöldverði var haldið af stað heim á leið með sáttar og sælar konur eftir góða ferð.

Samantekt rituð af SRJ